

Framboð til kirkjupings

Stefán Már Gunnlaugsson

1. kjördæmi vígðra Reykjavíkurkjördæmi

Markmið mitt er að efla kirkjuna sem lifandi samfélag þar sem fólk finnur sig heima, nýtur lífsins, þjónar öðrum og finnur tilgang og rými til að láta gott af sér leiða. Til þess þarf að efla sjálfbóðið starf kirkjunnar, koma í veg fyrir skerðingu tekjustofna og skapa trausta umgjörð fyrir starfsfólk kirkjunnar.

Í störfum mínum á kirkjupingi hef ég lagt áherslu á að:


- efla starf meðal barna, unglinga og fjölskyldna
- styrkja samfélagslega ábyrgð kirkjunnar
- tryggja að kirkjan sé opin og aðgengileg öllum
- efla safnaðarstarf og nýsköpun í kirkjustarfi
- stuðla að nýjum fræðsluverkefnum fyrir unglinga og ungt fólk
- hvetja til virkari þátttöku ungs fólks í kirkjunni
- auka gagnsæi í störfum kirkjunnar og kirkjupings
- standa vörð um lýðræði innan kirkjunnar og efla þátttöku kirkjufólks
- að eldra fólki líði vel í kirkjunni og njóti þar lífsins

Starfsreynsla

Ég hef verið héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi frá 2017, vígðist til sóknarprestsembættis í Hofsprestakalli á Vopnafirði árið 2005, þjónaði þar í 10 ár og var áður fræðslufulltrúi og verkefnastjóri á Biskupsstofu.

Menntun

Ég lauk guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1999, stundaði nám í trúfræði og siðfræði við háskólann í Kiel í Þýskalandi. Árin 2015–2016 var ég í námsleyfi og lagði stund á nám í stjórnun og stefnumótun við viðskiptafræðideild HÍ.



Annað

Ég hef í störfum mínum sem héraðsprestur unnið náið með söfnuðum að stefnumótun, mótun starfs, fræðslu og námskeiða fyrir presta, djákna, sóknarnefndir og starfsfólk safnaða. Þá hef ég komið að skipulagi stærri viðburða, m.a. kóramóta, barnahátíða, landsmóta, Vinavikunnar á Vopnafirði og var verkefnasjóri Kirkjudaga 2005 og 2024.

Þá var ég formaður foreldraráðs Hafnarfjarðar um skeið, hef tekið þátt í sveitarstjórnarstörfum og verið bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Hafnarfjarðar og frá árinu 2024 setið á kirkjupingi.